

Ed. 449. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsbundnum stöðum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leigubúðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.